

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Kubbur ehf.
kt. 660606-1650

Starfsstöð: Tjarnarás 11, 700 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-6216

Leyfið gildir frá x. janúar 2025 til x. janúar 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Söfnunarstöð (gámastöð) þar sem tekið er við úrgangi og spilliefnum frá almenningi og smærri fyrirtækjum

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Kubbur ehf., kt. 660606-1650
Starfsstöð: Tjarnarás 11, 700 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-6216

Leyfið gildir frá x. janúar 2025 til x. janúar 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Söfnunarstöð (gámastöð) þar sem tekið er við úrgangi og spilliefnum frá almenningi og smærri fyrirtækjum**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 14. nóvember 2024.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi fyrir söfnunarstöð (gámastöð) skv. eftirfarandi skilgreiningu í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs: *Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.* Nauðsynlegt getur verið að umhlaða spilliefnum fyrir flutning til eyðingar. Spilliefni eru aðeins geymd í aðstöðunni til skamms tíma áður en þau eru flutt til viðeigandi móttökustöðvar.

Söfnunarstöð starfstöðvar er opið almenningi. Heimilt er að taka við hættulitlum, almennum úrgangi frá almenningi eða smærri fyrirtækjum. Einnig er heimilt að taka við spilliefnum frá almenningi eða smærri fyrirtækjum, enda sé það í litlu magni, og ekki sé um að ræða mjög hættuleg efni og engin meðhöndlun fari fram, önnur en söfnun og geymsla til skamms tíma.

- Söfnunarstöðin er afgirt með opnanlegu hliði.

- Gámar eru ýmist opin flet fyrir grófan úrgang eða lokanlegir gámar til geymslu á pappír, pappa og plasti o.þ.h.
- Spilliefni eru geymd í ílátum inn í spilliefnageymslu. Þar er niðurfall tengt við olúskilju. Úrgangsolíu er safnað í tank.
- Raf- og rafeindaúrgangur eru geymt í ílátum inn í stórum gámum. Ekkert niðurfall er í gámarýmum.
- Aðstöðuhús með snyrtingu er fyrir starfsfólk.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 1*

2. Móttaka úrgangs

Á söfnunarstöðinni er heimilt að taka á móti og geyma til skamms tíma:

- allan hættulítinn, almennan úrgang frá almenningi og smærri fyrirtækjum sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- úrgang frá almenningi og smærri fyrirtækjum sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, enda sé hvorki um mikið magn né mjög hættuleg efni að ræða.
- raf- og rafeindtækjaúrgang.
- almennan garðaúrgang og trjáafklippur.
- hræ af dýrum sem ekki hafa drepist eða verið lógað vegna smitsjúkdóma, enda sé þeim komið til viðeigandi förgunar svo fljótt sem auðið er.

Óheimilt er að taka á móti, meðhöndla eða geyma:

- hreinsunarúrgang sem fellur til við hreinsun fráveitu, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt.
- Úrgang frá landbúnaði annan en plast af heyrúllum og hræ af dýrum sem ekki hafa drepist eða verið lógað vegna smitsjúkdóma.
- sóttmengaðan úrgang, þ.m.t. sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum.
- brotajárn sem inniheldur spilliefni, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.
- geislavirkan úrgang.

3. Geymsla úrgangs

Við söfnun og geymslu úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br., reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á, auk annarra reglugerða sem kunna að gilda um einstaka þætti starfseminnar.

3.1 Almennur og hættulítill úrgangur

Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát.

Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Þeim skal jafnframt haldið hreinum með reglulegum þrifum.

Gámar fyrir dýrahæ skulu merktir með áberandi hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.

Starfsleyfishafi skal halda magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki og gæta þess að aldrei skapist hætta vegna óhóflegrar uppsöfnunar úrgangs. Úrgang sem tekið er á móti skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi.

Urðun, brennsla og önnur meðferð úrgangs en móttaka, flokkun og geymsla er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.

3.2 Úrgangur sem flokkast sem spilliefni

Söfnun og geymsla úrgangs, sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal fara fram eftir atvikum á afmörkuðu svæði með vökvaheldu yfirborði tengdu við viðeigandi mengunarvarnarbúnað eða í læsanlegu, loftræstu rými með aðstöðu til lekasöfnunar. Gæta skal að ákvæðum laga nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn, sbr. gr. 1.10.

Úrgangur sem flokkast sem spilliefni skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hann hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

Úrgangur sem flokkast sem spilliefni skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.

Geyma skal raf- og rafeindatækjaúrgangur sem og rafhlöður og rafgeyma sem skilað er til söfnunarstöðvarinnar í þar til gerðum ílátum á svæði með ógegndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar, undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, þéttu, vatnsheldu loki eða í viðeigandi lokanlegum og loftræstum gámum.

Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Olíuúrgangur og notaða matarolíur skal geyma á viðeigandi hátt í til þess ætluðum ílátum eða geymum í lekabyttum eða á vökvaheldu plani með niðurföllum tengdum við olíuskilju. Óheimilt er að losa olíuúrgangur í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.

Þegar tekið er á móti úrgangi sem flokkast sem spilliefni skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

4. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

4.1. Mengunarvarnir fráveitu - skólp

Fráveita frá salerni er leidd í fráveitu sveitarfélagsins. Óheimilt er að losa spilliefni, olíuefni eða efnavöru í fráveitu.

4.2. Mengunarvarnir fráveitu – olíuskilja

Hafa skal reglubundið eftirlit með olíuskiljum og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum.

Olíuskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni úr olíuskiljum.

4.2.1. Sýnataka af fráveituvatni frá olíuskilju

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd þessara mælinga. Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olíuskilju reglulega. Tíðni sýnatöku skal gera í samráð við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit fyrirtækisins. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykktir

4.3. Loft, ryk og hávaði

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að hávaði, ryk, lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

4.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Svæðið skal afgirt og aðgangur að því takmarkaður við opnunartíma svæðisins. Við inngang á svæðið skal vera upplýsingaskilti þar sem fram kemur með skýrum hætti opnunartími svæðisins og hvaða tegundum úrgangs tekið er við.

Allar vélar, tæki, gámar og annað það er starfsemi tilheyrir, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að hvorki sé hættu á foki, óþrifum í umhverfi né óþægindum fyrir nágretta.

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

4.5. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

5. Innra eftirlit starfsstöðvar

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Beita skal bestu fánlegu tækni þar sem slíkt hefur verið skilgreint.

5.1. Handbók um innra eftirlit

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til og frá móttökustöðinni ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.

- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Halda skal saman upplýsingum um þjónustu við olíuskilju þ.e. upplýsingar um eftirlit með skiljunni, dagsetningu tæmingar og magn sands og olíusora sem úr henni er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskilju.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna.
- Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Mengunaróhapp/-slys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

7. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olíuskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

x. janúar 2025
Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal 1

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt soppílát.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

3. MENGUNARVARNIR

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.2 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.

3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.